

Áfangaskýrsla vegna rannsókna á áhrifum hlýnunar á hélumosavist innan friðlands að Fjallabaki. Apríl 2019. Ólafur S. Andrésen

Þann 25. júní 2018 voru átta hlýnunarbúr (open top chamber = OTC) sett upp á hélumosasvæði nokkru norðaustan við eystri vegamót að Landmannahelli, nokkru sunnan Löðmundarvatns, í samræmi við leyfi Umhverfisstofnunar (UST201804-196/G.G.). GPS hnit í miðju svæðinu er N 64° 02,184' V 19° 13,141' - sjá myndir hér að neðan.



Við hlið afleggjarans, til móts við svæðið, voru sett skilti á íslensku og ensku með stuttum skýringum og vísun á vefsíðu með frekari upplýsingum sbr. mynd að neðan.



Mælingar og sýnatökur sumar 2018

Í öllum reitunum (8 í búrum, 8 utan búra) hafa verið tekin sýni til mælinga á niturnámi og þeim skilað aftur (eru í netpoka), og lítil sýni sem nýtt eru til mælinga á blaðgrænu, efnainnihaldi og til greiningar á örverusamfélagi (DNA). Jafnframt var hver reitur ljósmyndaður og gróðurgreindur. Í helmingi reitanna eru sjálfritar fyrir hitastig og birtu. Þar eru jafnframt tvær gerðir af tepokum sem notaðir eru til að meta niðurbrotsvirkni í jarðvegi ("teabag index").

Við eitt reitapar var settur niður síriti fyrir raka og hitastig í yfirborði. Við annað reitapar voru sett niður fimm ílát með matarolíulögg til að safna og mæla úrkomu frá miðju sumri fram í september. Í vor verða slíkir einfaldir úrkomumælar settir niður eins fljótt og aðgengi leyfir.

Auk þessa voru tekin sýni af hélumosapækju nokkru lengra frá vegi og þau notuð til að mæla niturnám við stýrð skilyrði á rannsóknastofunni, en þær niðurstöður má heimfæra á mæld og metin skilyrði úti í náttúrunni.

Í vetur hefur hefur verið unnið með þau sýni sem tekin voru 2018, og gert ráð fyrir að úrvinnslu ljúki síðla árs 2019.

Fyrirhugað á sumrinu 2019

Farið verður á svæðið eins fljótt og færð leyfir, búr lagfærð, lesið af mælum, úrkomumælum komið fyrir o.s.frv. Gert er ráð fyrir að koma einnig á svæðið síðla júlí til athugana og sýnatöku, og einnig í september. Landverðir verða upplýstir um ferðir okkar eins og í fyrrasumar.

Upplýsingavefur um verkefnið, www.uni.hi.is/osa/ verður uppfærður bráðlega.

Við þökkum góða samvinnu við landverði, staðarhaldara við Landmannahelli og ráðamenn í Rangárþingi ytra.

Með bestu kveðjum,

Ólafur S. Andrésson

Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

osa@hi.is

s. 525 4627 og 864 2149

